

Kæru þingfulltrúar og gestir!

Fyrir nokkrum dögum fengum við fréttir af því að sést hefði til lóunnar. Þessi árlega frétt af komu hennar gerir okkur alltaf aðeins mýkri og bjartsýnni, ekki síst núna þegar harður vetur ríkir enn víða um land og reynslan segir okkur Íslendingum að enn sé von á frosthörkum og hríðarbyljum áður en við getum farið að leiða hugann að vorinu. En samt, fréttir af lóunni fylla okkur alltaf einhverri hlýju og svo framkvæmdagleði. Því líklega byrjum við flest að söngla kvæði Austfirðingsins Páls Ólafssonar um lóuna þegar við heyrum af komu hennar. Þið munið, þessar umvandanir og skammir yfir því að við sofum of mikið og vinnum ekki hót. En lóunni er ekki alls varnað því hún lætur einnig hvatningarorð fylgja skömmunum um að vaka og vinna, og vonglöð taka sumrinu mót.

Vongleði og hvatning til góðra verka eru líka sígild skilaboð sem svo sannarlega má rifja upp á þessu landsþingi þegar fjölbreytt viðfangsefni bíða okkar og þessi fyrsti vetur kjörtímabilsins er senn á enda. Það er alltaf hátíðlegt og mikilvægt – þegar við komum saman – að við sveitarstjórnarfulltrúar og framkvæmdastjórar af öllu landinu berum saman bækur okkar og stillum stefnuna saman. Síðan á síðasta landsþingi höfum við í stjórn sambandsins og starfsfólk unnið hörðum höndum að því að vinna þeim stefnumálum framgang sem við settum okkur fyrir kjörtímabilið. Þau eru mörg og ólík enda gegna sveitarfélögin í raun lykilhlutverki þegar kemur að því að vinna að því að Ísland nái heimsmarkmiðum og sínum eigin markmiðum um kolefnishlutleysi, jafnrétti, menntun, mannréttindi, að vinna gegn atvinnuleysi, vinna að heilbrigði og svo framvegis og framvegis.

- Þetta þekkið þið. -

Dagskrárefni þessa landsþings eru því ólík og endurspegla ekki nema að litlu leyti hve fjölbreyttar áskoranir sveitarfélögin eru að fást við um þessar mundir. Við völdum þó að fjalla um þau tvö mál sem við í sambandinu höfum gert rammamál um og svo kjaramálin. Það er annars vegar að taka á móti fólki á flótta sem er gríðarleg áskorun fyrir íslenskt samfélag og svo hins vegar húsnæðismálin sem eru lykilatriði í því að það verði byggð hér um allt land.

Húsnæðismálin

Það voru mikil tímamót þegar fulltrúar sambandsins, innviðaráðherra og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar undirrituðu rammamál um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Samningnum fylgdi aðgerðaáætlun um verkefni sem stuðla að auknum fyrirsjáanleika á húsnæðismarkaði. Lykilþáttur í rammamálningnum er að sveitarfélög komi með í þessa vegferð, setji sér markmið við gerð húsnæðisáætlana um hlutfall félagslegra íbúða og um hlutfall hagkvæms húsnæðis fyrir lægstu tekjuhópana. Þið hafið mörg spurt hvað ríkið kemur með að borðinu og til að ræða það fáum við innviðaráðherra hér á fundinn seinna í dag og ræðum málin.

Það er þó áhyggjuefni að ytri aðstæður hafa ekki reynst jafn hagstæðar og tilefni var til að ætla í fyrra. Fjármagnskostnaður hefur hækkað mikið og sama á við um verðlag á byggingarefnum og raunar verðlag almennt. Hætta er á að þessi þróun hægi eitthvað á uppbyggingaráformum á næstunni á sama tíma og við búum við mikinn húsnæðisskort. Það er mikilvægt að við fáum hér tækifæri til að ræða málin og metum stöðna.

Við ákváðum líka að setja á dagskrá Málefni flóttafólks og hælisleitenda. Áætlað er að í ár komi allt að 6.000 einstaklingar hingað í leit að alþjóðlegri vernd. Nú hafa 9 sveitarfélög skrifað undir samning um samræmda móttöku flóttafólks og er fjöldinn sem þessi sveitarfélög taka á móti tæp 3.000. Það er virkilega vel gert og mér finnst þessi sveitarfélög eigi öll mikið hrós skilið því þetta er flókið verkefni en það skapar líka tækifæri fyrir samfélög að vaxa og þroskast. Fyrir íslenskt samfélag er mikilvægt að fleiri sveitarfélög leggi móttöku flóttafólksins lið eftir getu og möguleikum, því öll búum við í sveitarfélagi og ég ætla að leyfa mér að fullyrða að sveitarfélög eru mun betri aðili í að styðja fólk til þátttöku en ríkið.

Húsnæði hefur verið ein stærsta áskorunin en Ríkisstjórnin er nú að skoða leiðir til að heimila tímabundið breytta notkun húsnæðis og fleiri lausnir. Mikilvægt er að slíkar tillögur séu unnar í góðri samvinnu við sveitarfélögin því þótt hér sé vissulega um að ræða ákveðið neyðarástand þarf að vanda til verka.

Nauðsynlegt er að halda vel á spöðunum í þessum málaflokki og að við setjum metnað í að búa til gott samfélag í sameiningu, samfélag þar sem við erum allskonar og erum stolt af því. Þar stendur svolítið upp á okkur sem erum hér fædd og uppalin, sjálfsmynd okkar sem þjóðar þarf að breytast og er að breytast. Kyrrstaða hefur ekki reynst nokkru samfélagi vel. Við erum ekki lengur einsleit þjóð og í því felast allskonar tækifæri og möguleikar fyrir okkur öll.

Við höfum líka unnið að því að ná sameiginlegum skilningi með ríkinu um mikilvægi þess að hlúa að börnum á flóttu. Sum þeirra þurfa mjög umfangsmikla þjónustu til að standa jafnfætis jafnöldrum sínum og það er skylda samfélagsins og hagur að tryggja jöfn tækifæri allra barna til að

mennta sig og þroskast og láta drauma sína rætast – en það þýðir að með þessum börnum þarf að koma fjármagn inn til sveitarfélaganna. Það er augljóst.

Það er reyndar í góðu samræmi við það sem við erum að vinna að bæði hjá sambandinu og í öllum sveitarfélögum við að innleiða breytta nálgun í þjónustu í þágu farsældar barna. Þess vegna er ég bjartsýn á að við eigum eftir að ná samkomulagi við ríkið um þetta, það náðist áfangasigur á síðasta ári og við munum fylgja því fast eftir.

Og tengt þjónustu við börn þá bind ég líka vonir við að tillögur starfshóps um bættu þjónustu við börn með fjölþættan vanda muni hjálpa okkur til að veita þeim viðeigandi þjónustu. Tillögurnar eru skynsamlegar og byggja ekki síst á því að við komum fyrr inn með markvissa þjónustu við barnið, ásamt, markvissum stuðningi við fjölskyldur. Það er auðvitað óþolandi að sveitarfélög hafi verið skilin eftir með þennan vanda í fanginu meðan ríkið hefur lokað meðferðarúrræðum en ég skynja vilja til þess af hálfu ríkisins og stofnana að vinna með okkur að frekari úrbótum þarna.

Ég vil líka nefna eitt af mikilvægustu þingmálum sem samþykkt voru á síðasta ári sem var að Innleiðingartímabil notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) var framlengt um tvö ár og markmið sett um að fjölga NPA samningum markvisst á þessu og næsta ári. Mikil sátt náðist um þessar breytingar og var alger samhljómur með samtökum fatlaðs fólks og sveitarfélögum um að hér væri um mikið réttlætismál að ræða.

Það gætir hins vegar ákveðinnar óþolinmæði með að sjá þessa fjölgun samninga raungerast. Við áttum ágætt samtal við félagsmálaráðherra um málið í lok janúar en það kom samt sveitarfélögum á óvart að fá tilkynningu frá ráðuneytinu um að hlé yrði á staðfestingu nýrra NPA samninga þar til fyrirkomulag væri endurskoðað. Nú sér sem betur fer

loksins fyrir endann á þeirri bið. Endurskoðun fer í gang en mun ekki fresta fjölgun samninga í ár og í dag mun sveitarfélögum berast BRÉF þess efnis að RÁÐUNEYTI STAÐFESTIR að farið verði í áður kynnta fjölgun samninga.

En kæru vinir ég get ekki haldið hér ræðu án þess að nefna fjárhagsstöðuna

Eins og jafnan ríkti töluverð óvissa um ýmsa lykilþætti í efnahagsþróun næstu ára þegar sveitarfélögin gengu frá fjárhagsáætlunum sínum í desember. Áætlanir flestra sveitarfélaga fela í sér töluverðan afkomubata frá fyrri árum. Engu að síður leiddi yfirferð eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga á fjárhagsáætlunum til þeirrar niðurstöðu að 20 sveitarfélög uppfylltu ekki lágmarksviðmið reglugerðar eða næstum 3ja hvert sveitarfélag. Þetta segir sannarlega sína sögu um undirliggjandi veika fjárhagsstöðu sveitarstjórnarstigsins.

Horfur hafa sannarlega versnað. Ber þar auðvitað hæst að forsendur um verðbólgu hafa algjörlega brugðist. Í stað 5-6% verðbólgu benda nýjustu spár til að hún verði meira í átt við 8-10%. Spár eru auðvitað bara spár og raunveruleikinn hefur leikið ítrekað á spárnar að undanfögnu. Vaxtahækkanir Seðlabanka eru að bíta, þær bitna kannski helst á skuldsettu eða tekjulágu fólki og fyrirtækjum. En skuldsett sveitarfélög fara ekki heldur varhluta af þessari þróun, fjármagnskostnaður eykst verulega sem og allur aðfangakostnaður og þrýstingur á launahækkanir eykst.

Það er kallað eftir þjóðarsátt til að ná verðbólgunni niður til að koma á stöðugleika í þjóðarbúskapnum.

Nýgert samkomulag við ríkið um afkomu og efnahag sveitarfélaga er liður í að samræma stefnuna í opinberum fjármálum. Markmið eru sett fram

um minni hallarekstur en hallarekstur engu að síður sem hamlar fjárfestingagetu sveitarstjórnarstigsins og þar með framþróun íslensks samfélags og tækifæri Íslands til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar. Sambandið bókaði því fyrirvara við samkomulagið, þar sem við ítrekuðum þá afstöðu okkar að fjárfestingastopp og vanfjármögnun þjónustu á sveitarstjórnarstigi gangi ekki lengur. Við göngum því útfrá því að málaflökkur fatlaðs fólks verður að fullur fjármagnaður og við að við treystum tekjustofna sveitarfélaga.

Til efs er hvort nokkur starfsemi á vegum hins opinbera hafi verið rannsökuð jafn ítarlega og þjónusta við fatlað fólk. Við sömdum um 5 m.a.kr hækkun tekna sveitarfélaga við ríkið í desember og við eigum von á skýrslu með tillögum um fjármögnun málaflökksins í lok næsta mánaðar sem aðilar; ríki og sambandið hafa sammælt um að setjast yfir - og það verður forgangsverkefni á næstu vikum og mánuðum að ná ásættanlegri niðurstöðu og leiða þetta mál til lykta.

Þessi þarfa leiðrétting á tekjum sveitarfélaga mundi ekki bara leysa þá klemmu sem málaflökkurinn er kominn í heldur hafa þau áhrif á afkomu sveitarfélaga næstu ár m.v. fyrirliggjandi áætlanir að veltufé frá rekstri myndi aukast sem skapaði tækifæri til að standa við áform um nauðsynlega innviðauppbýggingu og bara - gera betur.

Talandi um tekjur þá voru á dögnum kynntar tillögur um nokkuð róttækar breytingar á jöfnunarsjóði sveitarfélaga . Þetta eru umdeildar tillögur enda er réttlæti vandreiknað. Heildarframlög sjóðsins verða óbreytt en tillögurnar fela í sér verulega tilfærslu milli sveitarfélaga. Við í stjórn Sambandsins erum sammála um það að við munum ekki taka afstöðu til þeirra sem slíkra en ég hvet ykkur öll til að til að koma ykkar sjónarmiðum á framfæri í samráðsgátt stjórnvalda.

Sama máli gegnir um **Hvítbók í málefnum sveitarfélaganna sem er þáttur í stefnumótunarferli ríkisvaldsins í málefnum sveitarfélaga.** Stefnuskjalið er unnið á grunni grænbókar um stöðu og valkosti íslenskra sveitarfélaga og lögum, stefnu ríkisins og samþykktri stefnu okkar sem við þrjú sem tókum þátt í vinnunni komum að við hvert tækifæri. Hvítbókin er komin í samráð í samráðsgátt og ég hvet ykkur öll til að koma sjónarmiðum ykkar á framfæri.

- Það er gríðarlega mikilvægt að okkur takist vel til að byggja upp og styrkja sveitarstjórnarstigið á Íslandi. Það er ekki bara okkur sem finnst það heldur kom fram í niðurstöðum viðhorfskönnunar sem gerð var meðal ungs fólks á aldrinum 16 til 20 ára að 27% þeirra vilja helst búa í útlöndum þegar þau verða stór :-)) og 44% á höfuðborgarsvæðinu. Þegar þau eru spurð að því hvað það er sem hefur áhrif á val um búsetu segja flest að það sé atvinna, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og menntun, húsnæði og bara aðgengi að þjónustu. 72% fólks á aldrinum 16 - 20 ára segja að gæði þjónustu sveitarfélagsins skipti þau miklu máli við val á framtíðarbúsetu. Sem sannar enn og aftur að ef við ætlum okkur að halda í fólkið okkar þá þurfum við öflug sveitarfélög um land allt. Við erum ekki í samkeppni um fólk við hvort annað við erum í samkeppni við önnur lönd.

•
Leyfum okkur að vera ósammála þegar það á við. En í grunninn erum við öll hér af því að við brennum fyrir því að gera samfélag okkar betra.

Og það vitum við öll að samvinna verður ekki unnin af einni manneskju og hún byggir ekki á einu viðhorfi. Ég er þakklát því góða samstarfi sem við höfum átt undanfarin ár, með því styrkjum við kraft hvors annars og okkar eigin um leið. Með því höfum við góð áhrif á samfélagið okkar en það er einmitt bættur hagur þess sem er sameiginlegt markmið okkar allra.

Kjarasamningar við starfsfólk sveitarfélaga renna út í dag og kjaraviðræður hafa einkennt starf sambandsins síðustu vikur. Okkar færa starfsfólk þar á hrós skylið og ég eftirlæt þeim að skýra betur frá þeim málum hér á eftir. Bæði þessa sögulegu samningalotu þar sem opinberir launagreiðendur, ríkið, Reykjavíkurborg og sambandið gengu í fyrsta skipti saman til kjaraviðræðna, jöfnun launa milli markaða og hinn óþolandi launamun kynjanna og árangur okkar við að vinna bug á honum.

EN Kæru landsþingsgestir

Það er ljóst að framundan eru miklar breytingar í starfsemi sambandsins. Í lok apríl mun Karl Björnsson láta af störfum vegna aldurs en hann hefur sinnt framkvæmdastjórastarfinu síðan árið 2008. Það verður mikill sjónarsviptir af honum á vettvangi sveitarstjórnarmála. En Kalli hefur allan sinn starfsferil lifað og hræst í sveitarstjórnarmálum. Vil ég þakka honum persónulega fyrir samstarfið og einnig vil ég þakka honum fyrir ötullega baráttu fyrir hagsmunum sveitarfélaga undanfarna áratugi. Mig langar að biðja ykkur að klappa fyrir honum

Nýr framkvæmdastjóri

Við munum því kynna til leiks nýjan framkvæmdastjóra í næsta mánuði, við höfum hafið undirbúning að skipulagsbreytingum í anda þess sem við settum stefnuna á á landsþingi okkar í haust. Við ætlum okkur að taka virkari þátt í opinberri umræðu, leggja meiri áherslu á upplýsingöflun og miðlun, og styðja við starfsemi sveitarfélaga um allt land. Styðja sveitarfélögin með það sem þau þurfa og leita lausna eins og við höfum gert með verkfærakistum, færanlegum starfsmönnun og aðstoð.

Mikilvægt er að vinna áfram að nýsköpun í opinberum rekstri. Samband Íslenskra sveitarfélaga mun áfram vinna að miðlægu samstarfi

sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun og nýta nútímatækni til að auka gegnsæi, rekjanleika og bæta þjónustu, ákvarðanatöku, rekstur og samskipti við íbúa.

Að sjálfsögðu verður meginmarkmið Sambandsins ávallt að veita góða þjónustu við sveitarfélögin og öfluga hagsmunabaráttu fyrir málefnum þeirra enda er sameiginlegt markmið okkar allra að bæta þjónustu við fólkið í landinu. Það gerum við hvert í okkar sveitarfélagi en líka í samvinnu á þessum vettvangi. Ég mun eftir páska hefja heimsóknir til sveitarfélaga og hlakka mikið til að heimsækja ykkur öll og fræðast og læra.

Kæru vinir, ég sagði hér í upphafi ræðu að verkefni sambandsins væru fjölbreytt og ég held að það sé ljóst á þessari ræðu því víða hefur komið verið við allt frá móttöku fólks á flóttu, heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, húsnæðisvanda, fjármögnun til sveitarfélaga svo þau geti staðið undir lögbundinni þjónustu, kjaramálum opinberra starfsmanna, launamunur kynjanna, verðbólguhorfur og fleira. Það er því ljóst að að mörgu þarf að huga á næstunni við hæfi að við minnumst aftur hvatningarorða lóunnar um mikilvægi þess að vaka og vinna. :-)

Að lokum vil ég leggja til að ráðstefnustjórar í dag verði Einar Þorsteinsson borgarfulltrúi og Þórdís Sif Sigurðardóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar.

Og að þingritarar verði Nökkvi Dan Elliðason og Þorgerður M Þorbjarnardóttir sérfræðingar hjá sambandinu.